

Dags eftirlits	4.11.2025	Ábyrgðarmaður eftirlits	María Svavarsdóttir
Fyrirtæki	ORF Líftækni hf	Eftirlitsmaður	María Svavarsdóttir
Heimili	Víkurhvarf 7	Tegund eftirlits	Reglubundið
Kennitala	4202013540	Flokkur	Erfðabreyttar lífverur
Fulltrúi fyrirtækis	Jón Már Björnsson	ÍSAT nr.	
Fulltrúi fyrirtækis	Hrönn Arnardóttir	Staðsetning	

NIÐURSTAÐA EFTIRLITS

Engin frávik komu fram.

UMFANG EFTIRLITS

Fram fór reglubundið eftirlit með leyfi ORF líftækni í rannsóknaraðstöðu að Víkurhvarfi 7, Kópavogi, fyrir afmarkaðri starfsemi með erfðabreyttar lífverur aðrar en örverur, ásamt afmarkaðri starfsemi fyrir erfðabreyttar örverur. Um er að ræða erfðabreytt bygg og erfðabreyttar örverur af flokki I.

Umfang eftirlitsins var eftirfarandi:

- Almenn ákvæði starfsleyfis gr. 1
- Varnir gegn mengun ytra umhverfis skv. starfsleyfi gr. 2
- Innra eftirlit rekstraraðila skv. starfsleyfi gr. 3
- Eftirlit og starfshættir skv. starfsleyfi gr. 4
- Kynning á meðfylgjandi gögnum
- Skoðunarferð

Farið var yfir starfsleyfið og starfsemin útskýrð. Vinnudagbækur og skráning eru rafræn og voru sýnd nokkur dæmi. Farið yfir ferla starfseminnar, umfang, ræktanir, efni, meðhöndlun úrgangs og spilliefna. Verklag í samræmi við ákvæði leyfisins. Fyrirtækið safnar saman hratinu eftir úrdráttinn saman og fer með í Köllu Keflavík til brennslu. Aðspurð hvað fari í frárennsli, er það mest eftir próteinúrdráttinn s.s. bufferar og sölt í lágum styrk, þá eru frægildirur í niðurföllum. Autoklavi er til staðar fyrir hreinsun á áhöldum. Efninu ethidium bromide hefur verið skipt út og sett inn SYBR green í stað. Fram kemur í samtali að leitað sé leiða á að gera framleiðsluna á sem umhverfisvænastan hátt og hefur í því augnamiði ISO 9001 verið innleitt.

Við skoðun á rannsóknastofum er allt snyrtilegt, vel merkt, hlífðarföt til staðar, reglur um umgengni og áhættu áætlanir.

Reykjavík, 09.12.2025

1 Frávik: Framkvæmd telst ekki í samræmi við kröfur sem settar eru fram í starfsleyfi, lögum eða reglugerðum.

2 Ábending: Ástand sem eftirlitsmaður telur vert að vekja athygli á í þágu heilsuverndar, umhverfisverndar og öryggis en sem ekki geta talist frávik.

María Svavarsdóttir